

Tillögur að verkefnum fyrir 1.-7. bekk sem snýr að jákvæðu hugarfari.

Hver bekkur fær sinn kassa sem nemendur geta skreytt ef þeir vilja. Nemendur setja í kassann miða með jákvæðum atriðum.

Kassinn verður notaðar til að setja miða með:

1. jákvæðum athugasemdum
2. jákvæðum orðum sem nemendur nota í samskiptum
3. frásögn um jákvæða hegðun

Kennari tekur úr kassa í lok dags og les upp nokkur jákvæð atriði. Einn nemandi er skipaður ritari og skrifar upp öll atriðin í kassanum. Kassinn er tæmdur á hverjum degi. Verkefnið stendur yfir í eina viku. Sendur er póstur til foreldra á hverjum degi eða í lok viku og upplýsa frá því sem kom upp úr kassanum. Með þessu er verið að tengja saman heimili og skóla og skapa umræðu.

Í 8. -10. bekk er horft á myndband af síðunni <https://sterkariutilifid.is/> . Myndbandið er nokkurra mínútna langt (<https://sterkariutilifid.is/verkefni/samanburdur-vid-adra/>)og búið er að útbúa 5 spurningar sem nemendur svara eftir bestu getu. Spurningarnar gefa tilefni til frekari umræðu. Sendur er póstur til foreldra um verkefnið, til að tengja saman heimili og skóla og skapa umræðu.